

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA FRAMLENGINGAR ÁSBRAUTAR AÐ KRÝSUVÍKURVEGI

## NIDURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar framlengingu Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Hafnarfjarðarbær.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi. Um er að ræða nýjan veg, í framhaldi af Ásbraut í Hafnarfirði, frá hringtorgi við íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum sunnan Reykjanesbrautar að núverandi Krýsuvíkurvegi.

**Markmið framkvæmdar:** Markmið framkvæmdarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi er veginum ætlað að koma í stað núverandi tengingar Krýsuvíkurveggar við Reykjanesbraut, þar sem slysatíðni er há og orðið hafa alvarleg umferðarslys. Í annan stað mun vegurinn í framtíðinni gegna hlutverki tengibrautar í þeirri byggð sem fyrirhuguð er sunnan Reykjanesbrautar, á Ásvöllum og við Grísanes, skv. tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1992-2012.

**Frumathugun:** Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins af Hafnarfjarðarbæ þann 3. júlí 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi til Hafnarfjarðarbæjar þann 4. júlí 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 12. júlí 1995 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Nýjum vikutíðindum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 12. júlí til 17. ágúst 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík, á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar og á bókasafni Hafnarfjarðar. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar fimm opinberra umsagnaraðila: Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Rafveitu Hafnarfjarðar og Þjóðminjasafns Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:**

Framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi. Frummat.

Hafnarfjarðarbær, bæjarskipulag og Stuðull, verkfræði- og jarðfræðipjónusta, júní 1995.



## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **bæjarstjórnar Hafnarfjarðar** með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 og barst umsögn **bæjarráðs Hafnarfjarðar** með bréfi dagsettu 1. ágúst 1995. Þar segir:

*„Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 27.07. s.l. samþykkti bæjarráð og gerði að sinni eftirfarandi niðurstöðu umhverfisnefndar og skipulagsnefndar vegna frumrats á umhverfisáhrifum framlengingar Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi:*

*„Framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi er hluti af samþykktri tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1992 - 2012.*

*Skipulagsnefnd og umhverfisnefnd Hafnarfjarðar gera ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi frummat á umhverfisáhrifum, en benda á að framkvæmdir næst Ástjörn fari ekki fram á varptíma fugla.““*

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 14. ágúst 1995. Þar segir:

*„Á grundvelli skýrslunnar telur Hollustuvernd ríkisins líklegt að framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa hættu af loftmengun, vatnsmengun, eða mengun frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.*

*Í skýrslunni er hins vegar órökstudd fullyrðing um hávaða frá áætlaðri umferð og vísað í einhver mörk í heilbrigðisreglugerð. Hér vantar tölulegar upplýsingar um hávaða frá væntanlegri umferð og samanburð við leiðbeiningarmörk og viðmiðunarmörk í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með breytingum á reglugerð nr. 378/1994.*

*Hollustuvernd ríkisins telur að framkvæmdaaðili eigi að gefa tölulegar upplýsingar um væntanlegt hljóðstig frá umferðinni áður en hægt er að samþykkja byggð við Ásbraut á þessu svæði. Þar sem nota á hljóðmön þarf að leggja fram mat á þeim áhrifum sem hljóðmönin hefur á hljóðstigið, og sýna fram á að hljóðstig sé í samræmi við mengunarvarnareglugerð.“*

Umsögnin var send Hafnarfjarðarbæ með símbréfi 14. ágúst 1995. Í framhaldi af umsögn Hollustuverndar bárust meðal annars eftirfarandi upplýsingar frá **Hafnarfjarðarbæ** með símbréfi 21. ágúst 1995:

### ***„Hljóðmengun við safngötu á Völlum.***

*Forsendur:*

*Umferðarmagn 13.000 bílar/sólarhring*

*Hlutfall þungra bíla 20%*

*Ökuhraði 50 km/klst*

*Hljóðmön að íbúðarbyggð 15 dB(A)*

*L10 í 30 m fjarlægð frá götubrún 72,0 dB(A)*

*Leiðréttingar:*

*1. L10 breytt í jafngildishljóðstig -2,5 dB(A)*

*2. Lægri hæð en 15 m, mælt í 1,5 m -4,0 -*

*3. Leiðrétting vegna ökuhraða = 50 km/klst (úr 75) -3,0 -*

	<i>án hljóðmanar með hljóðmön</i>	
<i>Samtals í 30 m fjarlægð</i>	<i>62,5 dB(A)</i>	<i>47,5 dB(A)</i>
<i>Samtals í 50 m fjarlægð</i>	<i>59,5 dB(A)</i>	<i>44,5 dB(A)</i>
<i>Samtals í 100 m fjarlægð</i>	<i>55,5 dB(A)</i>	<i>40,5 dB(A)</i>
<i>Samtals í 150 m fjarlægð</i>	<i>53,5 dB(A)</i>	<i>38,5 dB(A)</i>
<i>Samtals í 200 m fjarlægð</i>	<i>51,5 dB(A)</i>	<i>36,5 dB(A)</i>

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 26. júlí 1995. Þar segir meðal annars:

*„Ekki er talið að fyrirhuguð vegagerð muni raska merkum náttúruminum.*

*Náttúruverndarráð samþykkir að gera ekki athugasemdir við veglínuna. Lögð er áhersla á að einungis verði tekið jarðefni í veginn úr viðurkenndum námum, sbr. stefnumörkun bæjaryfirvalda í Hafnarfirði varðandi efnisvinnslu innan bæjarmarkanna frá maí mánuði sl.“*

Umsögnin var send Hafnarfjarðarbæ með símbréfi 28. júlí 1995.

Leitað var umsagnar **Rafveitu Hafnarfjarðar** með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 4. september 1995. Þar segir:

*„Vegna beiðni Skipulags ríkisins um umsögn um upplýsingar sem koma fram í kafla 4.3.8 um frummatskýrslu vegna fyrirhugaðrar framlengingar Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi, viljum við benda á að mjög mikilvægt er að aðstæður skapist til þess að hægt verði að leggja strenglagnir frá Reykjanesbraut að aðveitustöð Landsvirkjunar við Hamranes.*

*Við teljum rétt að bæta eftirfarandi texta við það sem þegar er í kafla 4.3.8.*

*Gera verður ráð fyrir svæði við hlið vegarins, allt að 3 m að breidd, frá Reykjanesbraut að aðveitustöð Landsvirkjunar við Hamranes vegna strenglagna veitustofnana í framtíðinni.“*

Umsögnin var send Hafnarfjarðarbæ með símbréfi 4. september 1995.

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 14. júlí 1995. Þar segir:

*„Þjóðminjasafn Íslands hefur engar athugasemdir við fyrirhugaða framlengingu Ásbrautar, sbr. bréf Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings dags. 1. júní 1995 um sama efni.*

*Þjóðminjasafn minnir hins vegar á Þjóðminjalög um skyldur framkvæmdaaðila ef fornleifar ættu eftir að finnast við framkvæmdirnar.“*

Umsögnin var send Hafnarfjarðarbæ með símbréfi 18. júlí 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

## 4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem hluti af tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1992-2012. Þeir opinberu umsagnaraðilar sem leitað var til við frumathugun skipulagsstjóra ríkisins gera athugasemdir varðandi upplýsingar um hávaðamengun, framkvæmdatíma, efnistökuastaði og rými fyrir strenglagnir veitustofnana. Engar athugasemdir bárust frá öðrum aðilum á kynningartíma frumathugunar.

### Niðurstaða skipulagsstjóra um umhverfisáhrif framlengingar Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi:

#### *Hljóðstig frá umferð um veginn*

Fram kemur í frummatsskýrslu að framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi verði gerð í tveimur áföngum.

Í fyrri áfanga verður lagður tveggja akreina vegur. Núverandi skipulögð landnotkun á svæðinu er íþróttasvæði suðaustan vegarins. Þess utan er stundaður frístundabúskapur í fjárhúsum í veglínu, með tímabundnu leyfi frá bæjaryfirvöldum, en hann mun leggjast af áður en vegur verður lagður. Umferð um veginn við núverandi aðstæður er áætluð um 1500 bílar á sólarhring miðað við núverandi umferð um Krýsuvíkurveg. Ekki er því talin ástæða til að hafa áhyggjur af umferðarhávaða frá veginum að svo stöddu.

Í seinni áfanga, sem kemur til framkvæmda í tengslum við þá byggð sem er fyrirhuguð á Ásvöllum og við Grísanes skv. tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1992-2012, er gert ráð fyrir að breikka veginn í fjórar akreinar. Umferðarspá fyrir árið 2030 gerir ráð fyrir 13.000 bílum á sólarhring um veginn. Miðað við þau gögn sem fram hafa verið lögð við frumathugun af Hafnarfjarðarbæ mun hávaði frá umferð um veginn kalla á sérstakar aðgerðir við skipulag byggðar næst honum. Huga verður að fjarlægð byggðar frá veginum, skermun og hæð húsa með tilliti til krafa mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 378/1994, um hljóðstig frá bílaumferð á íbúðar- og útivistarsvæðum í þéttbýli, þar sem viðmiðunargildi er 55 dB(A) en leiðbeiningargildi 45 dB(A) fyrir nýskipulag. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að við deiliskipulagningu byggðar umhverfis veginn verði þess gætt að þessi ákvæði séu uppfyllt, miðað við þá umferð sem spáð er að muni fara um veginn.

#### *Áhrif á dýralíf*

Samkvæmt frummatsskýrslu er fyrirhugað að framkvæmdir við veginn næst hringtorgi fari fram utan varptíma fugla. Tekið er undir þetta sem og umsögn bæjarráðs Hafnarfjarðar um framkvæmdatíma, vegna þeirra áhrifa sem framkvæmdir kunna að hafa á fuglalíf við Ástjörn. Framkvæmdir ber því að tímasetja utan varptíma, sem er frá 1. maí til 15. júní.

### ***Efnistaka***

Samkvæmt frummatsskýrslu mun allt efni til vegagerðarinnar verða aðflutt úr námum og er fyrirhugað að heimila verktaka eingöngu efnistöku úr þekktum námum sem samþykktar eru af bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði. Fallist er á þessa tilhögun, enda er hún í samræmi við það sem fram kemur í umsögn Náttúruverndarráðs. Hafa þarf samráð við Náttúruverndarráð um endanlegt val efnistökuastaða.

### ***Áhrif á fornleifar***

Ekki er talið að framkvæmdin muni raska fornleifum, en minnt er á skyldur framkvæmdaraðila skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989 ef fornleifar eiga eftir að finnast við framkvæmdirnar.

### ***Aflagðir vegir***

Fyrirhugað er að gengið verði frá aflögðum vegkafla í samræmi við deiliskipulag svæðisins þegar uppbygging hefst á svæðinu.

### ***Strenglagnir veitustofnana***

Fram kemur í frummatsskýrslu og umsögn Rafveitu Hafnarfjarðar að lagður verði háspennustrengur samhliða vegagerðinni. Í því sambandi bendir Rafveita Hafnarfjarðar á í sinni umsögn að gera þurfi ráð fyrir svæði við hlið vegarins, allt að 3 m að breidd, vegna strenglagna veitustofnana í framtíðinni. Samkvæmt frummatsskýrslu er gert ráð fyrir 50 m breiðu vegbelti.

## **5. SKIPULAG**

Samkvæmt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000 sem skipulagsstjórn ríkisins staðfesti 10. júní 1992 er gert ráð fyrir að tengibraut sem er framlenging Ásbrautar verði felld niður. Í stað hennar komi tengibraut Reykjanesbrautar við Ofanbyggðaveg frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg. Gatnamót Reykjanesbrautar við Ásbraut breytist úr planfríum krossgatnamótum í einföld ljósastýrð T-gatnamót og krossgatnamót um hringtorg komi u.þ.b. 400 metrum vestar.

Framlenging Ásbrautar að Krýsuvíkurvegi eins og hún er kynnt nú er í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1992-2012 sem hefur verið auglýst skv. 17. og 18. grein skipulagslaga og samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 17. maí 1994. Skipulagstillagan, í heild eða breyting á aðalskipulagi á umræddu svæði, bíður afgreiðslu skipulagsstjórnar ríkisins þar til að úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Samkvæmt 8. grein laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða framlengingu Ásbrautar í Hafnarfirði að Krýsuvíkurvegi, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu.

Fallist er á framkvæmdina með þeim skilyrðum að:

1. Framkvæmdir fari fram utan varptíma fugla, sem er frá 1. maí til 15. júlí.
2. Allt efni til vegagerðarinnar verði aðflutt úr viðurkenndum námum og samráð haft við Náttúruverndarráð um endanlegt val þeirra.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989 ef fornleifar eiga eftir að finnast við framkvæmdirnar

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfissráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi aðila.

Reykjavík 6. september 1995,

Stefán Thors

Halldóra Hreggviðsdóttir